



## Komdu á Listahátíð um helgina

**Í KVÖLD, FÖSTUDAG:** Bræður,  
Þjóðleikhúsið kl. 20

### LAUGARDAGUR

Hr. Pottur og ungfrú Lok, Þjóðleikhúsið kl. 13 og 15  
Húslestrar kl. 14, 15, 16 og 17

### SUNNUDAGUR

Svanasöngur Schuberts, Fríkirkjan kl. 11  
Hr. Pottur og ungfrú Lok, Þjóðleikhúsið kl. 13 og 15  
Leiðsögn um útiljósmyndasýninguna Raunveruleikatékk frá Nasa kl. 14  
Húslestrar kl. 14, 15, 16 og 17  
Orquesta Chekara Flamenca, Ísl. óperan kl. 20



Skoða dagskrá og kaupa miða: [www.listahatid.is](http://www.listahatid.is) og [www.midi.is](http://www.midi.is)



### Schubert slær í gegn, lokatónleikar á sunnudagsmorgun

Ágúst Ólafsson barítónsöngvari og Gerrit Schuil píanóleikari hafa slegið í gegn með morguntónleikaröð sína í Fríkirkjunni. Enginn íslenskur söngvari hefur áður tekist á við heildarflutning þessara söngflokka og hafa þeir hlotið frábærar viðtökur áhorfenda og lofsamlega dóma fyrir flutning sinn og túlkun. Lokatónleikar Ágústs og Gerrits eru á sunnudaginn klukkan 11.00, þar sem þeir flytja *Der Schwanengesang*, *Svanasöng*, en þeir fluttu *Malarastúlkuna fögru* og *Vetrarferðina* síðustu tvo sunnudagsmorgna.

Helgi Jónsson tónlistargagnrýnandi



### Leiðsögn um Raunveruleikatékk á sunnudag kl. 14.00

Listahátíð í Reykjavík opnaði útiljósmyndasýninguna [Raunveruleikatékk](#) undir berum himni miðborgar Reykjavíkur þann 15. maí síðastliðinn. Á sunnudaginn mun Jón Proppé listheimspekingur veita leiðsögn um sýninguna og hefst hún kl. 14.00 við steypustanda á Austurvelli (gegnt Nasa).

Raunveruleikatékk skartar verkum



### Húslestrar, tónævintýri fyrir börn og Miðjarðarhafsmúsík um helgina

Það verður án efa heimilisleg og hjartnæm stemning er rithöfundar opna heimili sín fyrir gesti Listahátíðar um helgina. **Húslestrar** þeirra hefjast á klukku tíma fresti á morgun og hinn og aðeins eru örfá sæti í boði á hvern og einn.

Á laugardag og sunnudag verður frumsýnt í Kúlunni í Þjóðleikhúsinu gáskafullt tónævintýri fyrir börn sem nefnist **Herra Pottur og ungfrú Lok**. Þar segja fimm hljóðfæraleikarar, jafnmargar brúður og sögumaður frá draumi lítils drengs þar sem áhöldin í eldhúsinu lifna við. Alls eru fjórar sýningar á verkinu um helgina, og

Ríkisútvarpsins segir meðal annars í dómi sínum í Víðsjá: "*Ágúst er einn af okkar allra, allra bestu söngvurum ... Ég get ekki ímyndað mér annað en að þeir sem þetta upplifðu muni mæta aftur í Fríkirkjuna og hlakka til næsta sunnudags*". [Hlusta á umfjöllunina í heild sinni á vef Ríkisútvarpsins](#)

Í tilefni tónleikaraðarinnar opnar veitingahúsið Iðnó í hádeginu og býður upp á hádegishlaðborð. [Sjá matseðil hér](#)

[Kaupa miða á Svanasöng](#)

eftir Daníel Þorkel Magnússon, Eggert Jóhannesson, Harald Jónsson, Ievu Epnere, Hlyn Hallsson, Ingvar Högna Ragnarsson, Kristleif Björnsson, Libiu Castro og Ólaf Ólafsson, Óskar Hallgrímsson, Silju Sallé og Spessa. Sýningarstjóri er Æsa Sigurjónsdóttir.

Á sýningunni [Raunveruleikatékk](#) er meðal annars fjallað um ágengni ljósmynda og flókt þeirra á milli ólíkra merkingarheima myndlistar og fjölmiðla. Í verkunum er tekist á við daglegt umhverfi, atburði líðandi stundar, við sjálfsagða hluti sem verða álitamál, en einnig hversdagstöfra í sinni einföldustu mynd.

Þann 3. júní verður sérstök sýning á frönsku.

Hvert sæti verður skipað enda löngu orðið uppselt í Íslensku óperuna á sunnudagskvöld. **Orquesta Chekara Flamenca** fer með áhorfendur í ferðalag um tónlistarhefð Suður-Spánar og Marokkó, þar sem tónlist beggja landanna fléttast saman við flamencodans.

[Skoða dagskrá og kaupa miða](#)



Listahátíð í Reykjavík / Reykjavík Arts Festival | Lækjargata 3b | Pósthólf 88 | 121 Reykjavík  
Sími [+354] 561 2444 | Fax [+354] 562 2350 | [www.listahatid.is](http://www.listahatid.is) | [artfesti@artfest.is](http://artfesti@artfest.is)

Ef þú sérð ekki póstinn smelltu [hér](#) - Smelltu [hér](#) til að skrá þig úr Klúbbi Listahátíðar